

- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski eigi ró bæjarbúa og séu hvorki þeim, né öðrum sem fara um bæinn, til óþæginda.
- f) Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts) svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Eskifjarðar staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 160/1973 um sama efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. nóvember 1978.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um búnað íslenskra skipa vegna varna gegn olíumengun sjávar.

1. gr.

Svið.

- 1.1. Þar sem annað er ekki sérstaklega tekið fram, skulu reglur þessar gilda um skip, sem smíðuð eru eftir gildistöku þeirra, þ. e. ný skip, svo og um gömul skip að því marki sem aðrar greinar regnanna gera ráð fyrir.
- 1.2. Reglurnar skulu gilda fyrir öll skip, sem nota olíu sem eldsneyti og fljótandi fargögn sem flytja olíu lausa í farmi.
- 1.3. Reglurnar fjalla um búnað skipa til varnar gegn olíumengun sjávar frá daglegum rekstri þeirra.

2. gr.

Almenn ákvæði.

- 2.1. Olíuflutningaskip 150 brl. og stærri, skulu búin olíu-vatns skiljara til þess að hreinsa olíublandaða kjölfestu farmgeyma séu farmgeymar notaðir jöfnum höndum undir olíufarm og kjölfestu. Þá skal vera í skipinu söfnunargeymir nægilega stór til þess að taka við a. m. k. sem svarar 1/100 af hámarks olíufarmi skipsins, og skal hann taka við þeirri olíu sem hreinsuð er frá kjölfestunni með skiljaranum.
- 2.2. Í olíuflutningaskipum minni en 150 brl., sem sigla með kjölfestu í farmgeymum, skulu gerðar allar þær ráðstafanir sem telja verður mögulegar og framkvæmanlegar til þess að tryggja sem best að olíuinnihald kjölfestunnar, sem losuð er í sjó, sé ekki meira en 100 hlutar í milljón hlutum blöndunnar (hím).

- 2.3. Öll skip, 400 brl. og stærri, skulu búin olíu-vatns skiljara eða skiljurum til þess að hreinsa olíu úr austri vélarrúms og nægilega stórum söfnunargeymi fyrir olíuúrgang þann sem verður til við hreinsunina.
- 2.4. Ákvæði 2.3. greinar skulu einnig ná til allra skipa 300—400 brl. að stærð, séu þau smíðuð eftir gildistöku reglnanna.
- 2.5. Í gömlum skipum minni en 400 brl. að stærð og nýjum skipum minni en 300 brl., skulu gerðar allar þær ráðstafanir, sem telja verður mögulegar og framkvæmanlegar til þess að tryggja sem best að olíuinnihald í austri eða úrgangi sem losaður er í sjó, sé ekki hærra en 100 hím.
- 2.6. Í öllum skipum, sem nota miðflóttaafllsskilvindur til hreinsunar á eldsneyti og smurolíu um borð, skal vera geymir fyrir þennan úrgang, sorageymir, þó er heimilt að nota í þessum tilgangi söfnunargeymi þann, sem um getur í 2.3. grein.
- 2.7. Í öllum skipum skal vera búnaður til þess að dæla olíu og olíuúrgangi úr söfnunar-, sora- og set-geymum upp á efra þilfar og til móttökustöðva í landi.
- 2.8. Öll skip stærri en 300 brl. skulu eigi síðar en að liðnum 12 mánuðum frá gildistöku þessara reglna hafa um borð olíuskýrslubók í því formi, sem gildandi alþjóðasamþykkt um varnir gegn olíuóhreinkun sjávar segir til um.
- 2.9. Færa skal skýrt og skilmerkilega í olíuskýrslubókina allar þær athafnir um borð í skipinu, sem olíuskýrslubókin gerir ráð fyrir að færðar séu í hana.

3. gr.

Teikningar og eftirlit.

- 3.1. Áður en hafist er handa um uppsetningu á búnaði þeim sem hér um ræðir skulu Siglingamálastofnun ríkisins sendar teikningar í 3 eintökum af fyrirkomulagi búnaðarins til samþykktar.
Teikningarnar skulu sýna eftir aðstæðum:
 - a) Stærð, gerð og staðsetningu olíu-vatns skiljara og dælubúnaðar við skiljarann.
 - b) Staðsetningu, stærð og gerð set-geyma og röralagnir til og frá þeim.
 - c) Stærð söfnunar- og sorageyma ásamt röralögnum.
 - d) Fyrirkomulag til losunar á innihaldi söfnunar-, sora- og set-geyma frá borði til móttökustöðva í landi.
- 3.2. Verktaki sá, sem tekur að sér að annast verk viðkomandi búnaði skipa til varnar gegn olíumengun sjávar, skal tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins, þegar byrjað er á verkinu og þegar því er lokið, vegna eftirlits.

4. gr.

Olíu-vatns skiljari.

- 4.1. Olíu-vatns skiljarar, sem settir eru í skip eftir gildistöku þessarar reglna, skulu hafa hlotið viðurkenningu Siglingamálastjóra, byggða á prófun skv. ályktun A. 393 (X) frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.
- 4.2. Siglingamálastjóri getur viðurkennt án sérstakrar prófunar olíu-vatns skiljara sem hlotið hafa viðurkenningu opinberra aðila í öðrum löndum. Til þess að svo megi verða, verður að senda til Siglingamálastjóra fullnægjandi skýrslu um prófun hinna opinberu aðila, niðurstöður prófunarinnar og afrit af viðurkenningarskírteininu.
- 4.3. Eigendur skipa, sem þegar hafa olíu-vatns skiljara, skulu innan 12 mánaða frá gildistöku reglnanna senda inn til siglingamálastjóra teikningar af fyrirkomulagi skiljarans, söfnunargeyma og losunarbúnaðarins, sm.br. 3.1. grein reglnanna til samþykktar.

5. gr.

Set-geymar.

- 5.1. Í skipum þar sem ekki er gerð bein krafa um olíu-vatns skiljara um borð til þess að hreinsa olíu úr austri eða kjölfestu, er heimilt að nota set-geyma í stað skiljara og söfnunargeyma.
- 5.2. Set-geymar skulu gerðir með það fyrir augum að flýta fyrir aðskilnaði olíu og vatns. Frágangur þeirra skal vera þannig, að auðvelt sé að dæla vatni (sjó) undan þeim og olíu úr þeim upp á þilfar skipsins og til móttökustöðva í landi.
- 5.3. Stærð set-geyma ræðst í hverju tilfelli eftir aðstæðum, og er gerð þeirra og stærð háð samþykki siglingamálastjóra sm.br. 3.1. grein reglnanna.

6. gr.

Söfnunar- og sorageymar.

- 6.1. Söfnunargeymar skulu atka við olíu, sem skilin hefur verið frá austri og oliuúrgangi frá skilvindhreinsun á olíu, ef ekki er sérstakur sorageymir um borð.
- 6.3. Sorageymar skulu taka við úrgangi frá skilvindhreinsun á eldsneytis- og smurningsolíum um borð.
- 6.4. Mögulegt skal vera að hella olíu beint úr ílátum á söfnunargeyma.
- 6.5. Heildarstærð söfnunargeyma fyrir olíu úr austri skal í hvreju skipi vera a. m. k. eins og hér er greint:

Stærð skips brl.	Heildarstærð söfnunargeyma m ³
— 300	0,5
300— 500	1,0
500— 1 000	2,0
1 000— 3 000	3,0
3 000—10 000	5,0

- 6.4. Heildarstærð sorageyma fyrir oliuúrgang frá skilvindum skal í hverju skipi ekki vera minni en sú stærð, sem ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$S = \frac{2.10 \times P \times K}{100\,000} \text{ m}^3$$

Þar sem S = stærð geymis í m³

Þar sem P = afl aðalvélar skipsins í hö.

Þar sem K = dagafjöldi lengstu hugsanlegrar siglingar.

- 6.5. Séu olíuskilvindur sjálfhreinsandi (automatískar), skulu sorageymslur sm.br. 6.4. grein vera þannig útbúnar, að hægt sé á auðveldan hátt að hleypa vatni undan þeim.

7. gr.

Búnaður til losunar á olíu og oliuúrgangi í land.

- 7.1. Öll skip skulu þannig útbúin, að þau geti dælt olíu eða oliuúrgangi frá söfnunargeymum eða set-geymum til móttökustöðva í landi.
- 7.2. Búnaður þessi skal vera dæla og lögn frá geymum upp á efra þilfar skipsins og á enda lagnarinnar staðlaður flans, eins og greint er frá í eftirfarandi töflu:

Lýsing.	Stærð.
Ytra þvermál.	215 mm.
Innra þvermál.	Samkvæmt ytra þvermáli röralagnar.
Þvermál hrings í miðju á boltagötum.	183 mm.
Boltagöt.	6 boltagöt 22 mm að þvermáli. Skulu þau vera með jöfnu millibili innbyrðis staðsett á hring sem hefur ofanritað þvermál og skorin út úr ytri brún flansins. Þvermál raufar 22 mm.
Flansþykkt.	20 mm.
Boltar og rær: fjöldi, þvermál.	6 stk. 20 mm að þvermáli og nægilega langir.

7.3. Siglingamálastjóri getur þó viðurkennt annað fyrirkomulag á hinum staðlaða flansi skv. 7.2 gr., ef ljóst er að það hamlar ekki móttöku oliunnar í landi.

8. gr.

Refsingar.

8.1. Brot gegn reglum þessum varða sektum.

9. gr.

Gildistaka.

9.1. Reglur þessar eru settar skv. lögum nr. 77 10. maí 1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar, staðfestast hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. nóvember 1978.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 400.

9. nóvember 1978.

ERINDISBRÉF

fyrir nefnd skv. lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

1. gr.

Nefndin fjallar um nám þeirra kennara og skólastjóra sem lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra taka til, eftir því sem óskað er og þörf krefur.

2. gr.

Nefndin metur námið í námseiningum þar sem hver eining jafngildir fullri námsvinnu einnar viku. Skal miðað við meðalafköst í námi og taka í því sambandi